Flutt á fundi DV í
Háskólabíó 18/4 '83

Guðrún Agnars

Það hefur vakið undrun margra, að hópur kvenna skuli taka sig saman og bjóða fram sérstakan kvennalista til Alþingis í komandi kosningum. Hvað er það, sem konurnar vilja og hvers vegna hafa þær ekki fundið skoðunum sínum farveg innan hinna hefðbundnu flokka?

#

Konur eru mótaðar af kynhlutverki sínu eins og karlar. Þetta kynhlutverk kvenna að ala og annast börn ræður því ennfremur, að við verðum fyrir öðrum uppeldisáhrifum en karlar og við vinnum önnur störf en þeir. Reynsla kvenna er því önnur og hún leiðir af sér annað verðmætamat, önnur lífsgildi en þau sem ríkja í veröld karla.

#

Hin almenna þjóðfélagsstaða kvenna, sem hefur ákvarðast af kynhlutverkinu hefur líka leitt til þess, að konur hafa staðið utan við valdakerfið. Við höfum ekki verið þar sem ákvarðanir eru teknar um mótun þess samfélags, sem við byggjum.

#

Nú er svo komið, að vitfirrt vígbúnaðar-kapphlaup og ábyrgðarlaus umgengni við náttúruauðlindir jarðar ógna, ekki bara mannkyninu, heldur lífríkinu öllu.

Allir eiga sinn vitjunartíma, jafnt einstaklingar
sem hópar. Þeir, sem bera gæfu til að þekkja
vitjunartíma sinn, áður en dropinn fyllir
mælinn, geta ekki einungis forðað ógæfu,
stundum breyta þeir rás sögunnar.
Þess vegna hafa konur á undanförnum áratug
risið upp víða um heim og leitað réttar síns
~~með~~ á ýmsan hátt, reynt að finna handfestu á
stjórnun þess samfélags sem þær byggja, vegna þess að ~~að~~
þær hafa þekkt sinn vitjunar-tíma.

#

Við Kvennalistakonur erum að leita viður-
kenningar á sjónarmiðum og reynslu kvenna.
Við viljum, að sameiginleg reynsla og verð-
mætamat kvenna verði metið til jafns á við
reynslu og verðmætamat karla sem stefnumót-
andi afl í samfélaginu.
Við höfnum hugmyndum um jafnrétti, sem
fela í sér rétt kvenna til þess að fá að
vera eins og karlar, en leggjum höfuðáherslu
á hugmyndir um kvenfrelsi, sem fela í sér
rétt kvenna til að vera metnar á sínum
eigin forsendum til jafns á við karla

#

Við viljum, að mannleg verðmæti verði fyrst
og fremst höfð að leiðarljósi, þegar
ákvarðanir eru teknar í þjóðmálum.
Við viljum skilgreina hugtökin hagkvæmni
og arðsemi á nýjan hátt. Við viljum spyrja:
hvernig áhrif hafa ákvarðanir á líf fólks

í nútíð og framtíð og hvernig samræmast þær verndun náttúruauðlinda.

Hagkvæmnisútreikningar, sem byggja á ofangreindum forsendum, en ekki á skjótfengnum peningagróða eru undirstaða annars verðmætamats, þar sem mannleg gildi og félagsleg samábyrgð eru sett í öndvegi.

#

Það er ljóst, að konur eiga ekki greiða leið inn á Alþingi Íslendinga í gegnum stjórnmálaflokkana. Ástæðurnar til þess eru eflaust margar. Ein gæti verið sú, að stjórnmálaflokkarnir eru gamalgrónar valdastofnanir karla. Þar ríkja hefðbundnar baráttuaðferðir og leikreglur, sem höfða ekki til flestra kvenna.

#

Við Kvennalistakonur teljum það betri kost fyrir málstað okkar að standa saman um það að koma málsvörum kvenna inn á Alþingi. Þannig höfum við svigrúm og ráð til að móta eigin stefnu. Við teljum, að það sem konur hafi til stjórnmála að leggja verði hvað verðmætast, þegar þær taka á málum upp á eigin spýtur, en ekki sem eftirhermur karla.

Við verðum sjálfar að berjast fyrir rétti okkar og betra heimi, <u>aðrir</u> gera það <u>ekki</u> fyrir okkur.

#

Á Alþingi munum við fyrst og fremst standa vörð um hagsmuni og réttindi kvenna og barna.

Starfsævi kvenna er sveiflukennd vegna uppeldis og umönnunar barna. Hún einkennist af því, að konur úti á vinnumarkaði vinna einkum störf sem skyld eru heimilisstörfum, t.d. við umönnun, þjónustu, þvotta, matvæla- og fatagerð. Þessi störf eru gjarnan illa launuð og eru konur sem heild staðsettar í láglaunahópunum. Atvinnuöryggi kvenna er ótryggt og þær oft sendar heim ef samdráttur verður í atvinnulífi. Lægri laun kvenna verða líka m.a. til þess að konan er fremur heima en karlinn ef einhver á heimilinu þarfnast umönnunar. Vinnumarkaðurinn tekur ekki tillit til fæðingar og uppeldis nýrra þjóðfélagsþegna.

Heimilis- og uppeldisstörf eru ekki metin til launa og kjör heimavinnandi húsmæðra eru stórlega skert. Konur njóta ennfremur minni menntunar en karlar og þetta allt gerir konur efnahagslega ósjálfstæðar og áhrifalausar við mótun þjóðfélagsins.

#

Þessu viljum við breyta. Við viðurkennum ekki það verðmætamat, sem nú er lagt til grundvallar þegar laun fyrir störf kvenna eru ákveðin og viljum að fram fari endurmat á störfum kvenna.

Við viljum að starfsreynsla kvenna við hús-
móðurstörf verði metin jafngild annarri starfs-
reynslu til launa, hefji konur launuð störf.
Við munum eiga frumkvæði að og fylgja
eftir lögum, sem varða konur sérstaklega
t.d. má nefna lög um fæðingarorlof,
almannatryggingar, fullorðinsfræðslu, fóstur-
eyðingar og lífeyrissjóð fyrir alla landsmenn.

#

Nú er samt einnig fjallað um önnur mál
á Alþingi en þau, sem ég hef þegar minnst
á. Konur eru rösklega helmingur þjóðarinnar,
öll þjóðmál varða því konur og eru kvennamál.
Við verðum því að taka afstöðu til þeirra.

#

Við viljum draga úr miðstýringu í þjóðfélaginu
sem leiðir til þess, að flestir verða áhrifalitlir
um allar meiriháttar ákvarðanir um skipan
samfélagsins, verða áheyrendur og þolendur í
stað þess að vera þátttakendur.
Við viljum auka valddreifingu þannig, að
fjármála- og stjórnunarvald færist frá ríkis-
stofnunum út til fólksins í landinu.
Við viljum smærri, sjálfstæðar einingar þar
sem hver og einn hefur tækifæri til að
hafa bein áhrif á gang mála í nánasta
umhverfi sínu.

#

Við viljum tryggja börnum samfelldan skóladag sem samræmist dagvinnutíma foreldra. Þjóðfélagið hefur þegar kallað konur út á vinnumarkaðinn, við viljum tryggja að börn þeirra eigi sér öruggt skjól, á dagheimilum eða annars staðar. Jafnframt teljum við <u>afar</u> mikilvægt að auka möguleika fjölskyldunnar til samvista. Vænlegasta leiðin til þess er að tryggja, að ein dagvinnulaun nægi til að framfleyta fjölskyldunni. Sú vinnuþrælkun, sem nú viðgengst kemur í veg fyrir eðlilegt fjölskyldulíf.

#

Við viljum rammalöggjöf, sem tekur til allra þátta félagslegrar þjónustu og tryggir fólki rétt til slíkrar þjónustu þar sem það býr og án þess að þurfi að draga fólk í dilka. Við teljum að sérlöggjöf stuðli að einangrun og sérstöðu þeirra hópa, sem hún tekur til.

#

Við viljum, að fólk geti valið um, hvort það býr í leiguhúsnæði, byggir sjálft eða festir kaup á húsnæði. Við viljum stórauka byggingu leiguhúsnæðis á vegum hins opinbera eða félagasamtaka og lengja lánstíma húsnæðislána til þeirra, sem vilja eignast eigið húsnæði

#

Í efnahags- og atvinnumálum teljum við
það vera meginatriði, að tryggja öllum atvinnu
og varðveita efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.
Sú kreppa, sem við erum að byrja að finna
smjörþefinn af er ekkert séríslenskt fyrirbæri
heldur er hún af alheimstoga spunnin. Það
er líka ljóst, að færustu hagfræðingar eru á
öndverðum meiði um leiðir til lausnar á
þessum efnahagsvanda og að þær leiðir duga
misvel í reynd.
Við Kvennalistakonur erum ekki af Pallas-
Aþenu gerðinni og stökkvum því hvorki
alvopnaðar né alvitrar fram á vettvanginn
með töfralausnir í vasanum.
Þó er það svo, að þjóðfélagið er í raun
aðeins stækkuð mynd af heimilinu. Það
er rekið af sömu þörf og á svipaðan hátt
og heimilið.
Okkur konum hefur um aldaraðir verið
treyst til að reka heimilin. Við sjáum ekki
ástæðu til annars en að okkur sé treystandi
til að standa vörð um hagsmuni þjóðfélagsins.
Hvað gerir hin hagsýna húsmóðir þegar syrtir
í álinn og tekjur heimilisins hrökkva ekki
til? Hún endurskoðar búreikninginn,
breytir forgangsröð. Slær ekki fleiri lán, þegar
hún getur varla greitt þau gömlu, eyðir ekki
meira en hún aflar, nýtir og endurnýtir, gerir
mikið úr litlu og lifir á eigin framleiðslu
eftir fremsta megni.

Á þessari einföldu og sjálfsögðu staðreynd byggjum við stefnu okkar í efnahagsmálum.

#

Nú er svo komið að lífi og umhverfi er ógnað af vígbúnaði, sem á – engan sinn líka í veraldarsögunni. Gjöreyðingarhættan er raunveruleg og vofir yfir okkur öllum.
Okkur konum, sem vernda líf og viðhalda því ber frumskylda til að sporna við þessari geigvænlegu þróun.
Við Kvennalistakonur viljum berjast fyrir afnámi allra hernaðarbandalaga, afvopnun og friði.
Við viljum, að íslensk stjórnvöld taki afstöðu gegn vígbúnaði bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Við viljum, að kjarnorkuvopn verði aldrei leyfð á Íslandi, að íslensk efnahagslögsaga verði friðuð fyrir kjarnorkuvopnum og umferð kjarnorkuknúinna farartækja og mótmælum harðlega losun kjarnorkuúrgangs og eiturefna í hafið.
Við viljum draga úr umsvifum erlends hers meðan hann er í landinu, að strangt eftirlit sé með starfsemi hans og að stjórnvöld skýri undanbragðalaust frá framkvæmdum hans og herbúnaði.
Ennfremur viljum við minnka áhrif hersins á íslenskt efnahagslíf, svo að afstaða til hans mótist ekki af efnahagshagsmunum.
Við styðjum hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði, slíkt er mikilvægt til afvopnunar á jörðinni allri.

Lokaorð ①

Við teljum, að konur hafi ýmislegt nýtt og jákvætt til þjóðmálanna að leggja til að gera þetta þjóðfélag mannúðlegra og lífvænlegra. Stefna Kvennalistans er raunsæisstefna sprottin upp úr áralangri reynslu kvenna af heimilisrekstri, umönnun og verndun lífs. Hún er stefna mannúðlegrar hagsýni, sem vill taka upp nýtt gildismat mannlegra verðmæta og samábyrgðar, taka mið af raunverulegu ástandi þjóðarbúsins en hafna neyslusjónarmiðum, lífsþægindakapphlaupi og bráðabirgðaráðstöfunum, sem valda aðeins auknum erfiðleikum þegar til lengdar lætur og hafa engar raunverulegar lausnir í sér fólgnar.
Stefna Kvennalistans felur líka í sér mannréttindabaráttu þar sem sameinast er um að rétta hlut kvenna til jafns á við karla.

Við erum að ekki að berjast gegn körlum heldur fyrir konur og um leið fyrir okkur öll, því að aukið kvenfrelsi leiðir af sér karlfrelsi. Karlar eru líka fjötraðir af kynhlutverki sínu og kysu sér etv margir annað hlutskipti en þeim býðst nú, ef svigrúm gæfist til.

Við megum ekki gleyma því, að það sem við gerum fyrir okkur sjálfar í dag, þess njóta dætur okkar og synir á morgun.

Lokaorð (2)

Auðlindir okkar eru fyrst og fremst við, sem byggjum þetta land, þekking okkar og tækni-kunnátta, fiskimið, gróður, jarðvarmi og fallvötn.
Við viljum nýtingu á þessum auðlindum þar sem annað verðmætamat er lagt til grundvallar en stundargróði og rányrkja.
Við verðum að geta jafnvægis milli manns og náttúru og verðum hvert og eitt að vera ábyrg fyrir umhverfisvernd.
Við viljum að tækni og þekking verði notuð lífvænlega í þágu okkar allra, að við stjórnum henni en hún ekki okkur.
Við teljum að vopnin tryggi ekki friðinn og að þau séu óþörf ef óvináttu er eytt.
Ég er viss um að,
Tíminn mun leiða í ljós, að þessi almenna vakning kvenna til að leita mannréttinda sinna, til að verða virkar og ábyrgar um stefnumálum og rekstur þess þjóðfélags sem ~~við byggjum~~ það búa í er ekki bara sjálfsagt og eðlilegt frumkvæði. Það getur orðið gæfuspor fyrir afkomu mannlífs á þessari jörð.



Við viljum að rödd Íslands heyrist í þágu friðar.